

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 29. ágúst 2024 í máli nr. 49/2024

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmenirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 5. maí 2024 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, jafnframt f.h. Y („sóknaraðilar“), vegna ágreinings við fyrirtækið Z, („varnaraðili“). Sóknaraðilar krefjast þess að varnaraðili endurgreiði þeim staðfestingargjald vegna kaupa á svalalokun og uppsetningu hennar vegna vanefnda varnaraðila að afhenda sóknaraðilum umrædda vöru og þjónustu.

II

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Í kvörtun kemur fram að sóknaraðili X hafi fengið tilboð varnaraðila í [...] svalalokun ásamt uppsetningu hennar, alls að fjárhæð 2.598.600 krónur. Hafi tilboð varnaraðila til sóknaraðila Y hins vegar verið aðeins hærra. Kveðst sóknaraðili X hafa greitt varnaraðila staðfestingargjald að fjárhæð 853.699,88 krónur. Þá hafi sóknaraðili Y greitt varnaraðila rúmar 900.000 krónur í staðfestingargjald vegna sinna kaupa. Hafi varnaraðili enn ekki afhent sóknaraðilum hina keyptu vöru og þjónustu. Hafi sóknaraðilar ítrekað reynt að ná sambandi við varnaraðila en án árangurs. Kveðast sóknaraðila hafa rift samningi aðila vegna vanefnda varnaraðila en varnaraðili ekki orðið við kröfum þeirra um endurgreiðslu staðfestingargjalds. Því krefjast sóknaraðilar þess að varnaraðili endurgreiði þeim greitt staðfestingargjald.

Með kvörtun sinni lögðu sóknaraðilar fram afrit af tilboði varnaraðila til sóknaraðila X, dags. 21. apríl 2023.

Í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa segir að kærunefndin geti óskað eftir því að málsaðilar leggi fram gögn í máli. Þá segir í 4. mgr. sama ákvæðis:

„Sé kvörtun metin ótæk til meðferðar, skv. e-lið 1. mgr. 14. gr. laga um úrskurðaraðila á sviði neytendamála getur nefndin veitt neytanda stuttan frest til úrbóta“.

Samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála getur kærunefnd vöru- og þjónustukaupa vísað máli frá þegar kvörtun er metin ótæk til meðferðar. Frávísun kvörtunar með vísan til framangreinds ákvæðis á við ef kvörtun er svo óljós, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að mál sé ekki tækt til úrskurðar.

Þann 7. maí 2024 var tölvubréf sent sóknaraðilum fyrir hönd kæruneftdarinnar þar sem óskað var eftir því að sóknaraðilar legðu fram frekari gögn til stuðnings kvörtuninni, til að mynda staðfestingu á greiðslum sóknaraðila til varnaraðila, staðfestingu á riftun kaupanna sem og afrit af öllum skriflegum samskiptum milli aðila. Með tölvubréfum, dags. 4. og 19. júní 2024, var beiðni kæruneftdarinnar ítrekuð. Sóknaraðilar hafa ekki brugðist við erindum kæruneftdarinnar.

Sóknaraðilar hafa aðeins lagt fram tilboð varnaraðila til annars sóknaraðila máls þessa. Í málinu liggja hins vegar ekki fyrir gögn sem staðfesta tilgreindar greiðslur sóknaraðila til varnaraðila vegna kaupanna. Þá liggja ekki fyrir frekari gögn um samning aðila, samskipti þeirra á milli eða riftun sóknaraðila á kaupunum. Kæruneftdin telur sér ekki fært að kveða upp úrskurð um kröfur sóknaraðila á grundvelli þeirra upplýsinga sem liggja fyrir í málinu. Verður því að vísa kröfu sóknaraðila frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. e. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

Kæruneftdin bendir á að sóknaraðilar geta óskað eftir því að málið verði tekið til meðferðar að nýju með framlagningu gagna til stuðnings kröfu sinni.

III

Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X og Y, er vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson